



**Jóhanna Hrund Einarsdóttir**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík  
[johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

## Stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið, Seyðisfirði. Matsskyldufyrirspurn

Vegagerðin hefur mótttekið og yfirfarið innsenda greinargerð, sem unnin er af VSÓ ráðgjöf dags í október 2022 og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Vegagerðin gerir athugasemdir við að ekki kemur fram hvers konar efni er fyrirhugað að nýta í fyllingu. Ekki er ásættanleg að nota hvaða efni sem er en efnisgerð kemur ekki fram í greinargerð og heldur ekki hvort og þá hvernig efnið dreifist um fjörðinn fyrir öldu og með straumum. Mold og annað lífrænt jarðefni henta síður til uppfyllinga í sjó.

Vegagerðin óskar eftir upplýsingar um hve mikla umferð er að ræða vegna námuflutninganna. Áspungi ökutækja skal vera samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja (nr. 155/2007) sem og takmörkunum vegna burðar vega hverju sinni. Sé þess kostur er æskilegt að önnur leið verði fyrir valinu til efnisflutninga en eftir þjóðvegum. Mikilvægt er að ekki berist mól og leir inn á þjóðveg vegna umferðaröryggis og óþrifa.

Vegagerðin bendir á að svo virðist sem mynd 4.1 sýni námu á röngum stað.

Vegagerðin óskar eftir frekari samráði er varðar þætti er snúa að málaflokkum er snerta starfsemi hennar.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10.11.2022  
Málsnúmer: 202210-0018  
IAS/OKV

**Efni: Umsögn vegna tilkynningu um stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 12. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tilkynningu um fyrirhugaða stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinagerðina með tilkynningunni og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar.

Til stendur að stækka Skaganámu í Seyðisfirði og að þar verði heimilt að vinna allt að 350 000 m<sup>3</sup>. Hluti efnisins verður notað í snjóflóðavarnargarða en annað í aðrar framkvæmdir í Seyðisfirði. Skaganáma var samþykkt árið 2021 með breytingatillögu á aðalskipulagi 2010-2030. Þar er gert ráð fyrir 30 000 m<sup>3</sup> efnistöku úr Skaganámu vegna snjóflóðavarnargarða.

Í ljós hefur komið að mikið af því efni sem var til staðar á framkvæmdasvæðinu er ónothæft í varnargarða og því þarf að flytja allt að 150 000 m<sup>3</sup> af efni í burtu og stendur til að losa það út í sjó við Hafsíld í Seyðisfirði. Jafnframt er þörf á mun meiri efnistöku úr Skaganámu og er nú unnið að breytingu á aðalskipulagi. Náman er talin hentug þar sem hún er nálægt framkvæmdasvæðinu og engin verndarsvæði eða takmarkanir á landnotkun eru á námusvæðinu. Ekki er skoðuð nein önnur staðsetning fyrir efnistöku.

Efni hefur áður verið losað í sjóinn við Hafsíld en þar var 70 000 m<sup>3</sup> af skriðuefni sturtað í sjóinn veturinn 2021 sem neyðarráðstöfun eftir skriðurnar sem féllu í desember 2020. Losunarstaðurinn er nú talinn ákjósanlegur þar sem svæðið er þegar raskað og þar hefur jarðefni verið losað áður. Losunarstaðurinn er innan svæðis sem skilgreint er sem hafnarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Ekki er skoðaður neinn annar staður fyrir losun efnisins.

Gera verður ráð fyrir að ásýndaráhrif námunnar verði mun meiri þegar teknir verða 350 000 m<sup>3</sup> í stað 30 000 m<sup>3</sup>. Flatarmál námunnar á samt aðeins að fara úr 2 ha í 2,3 ha og því verður farið mun dýpra en áður var áætlað. Bergstálið við vesturhluta námunnar verður því hátt sem gerir frágang námunnar erfiðari. Ofan námunnar eru hallamýrar sem gætu verið starungsmýravist eða tjarnarstararflóavist sem hafa mjög hátt verndargildi enda gróskumiklar vistgerðir og jarðvegur með miklum kolefnisforða. Fyrri námavinnsla hefur þó raskað þessu landi og rýrt verndargildi mýrlendisins. Við frágang námunnar skal þess gætt að ágengar tegundir nái ekki fótfestu og dreifi úr sér.

Hægt er að fallast á niðurstöðu skýrsluhöfunda um að stækkun námunnar sé líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Sama verður að segja um áhrif á jarðmyndanir, þó að ekki sé um að



ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar er það alltaf neikvætt þegar að þetta mikið efni er tekið og manngert landslag kemur í stað náttúrulegra jarðmyndana.

Erfiðara er að taka undir að áhrif losunar á allt að 150 000 m<sup>3</sup> umframefnis í sjóinn við Hafsild hafi óveruleg áhrif á vistgerðir í fjöru. Ekki kemur fram hvort kannað hafi verið hvaða áhrif losun á 70 000 m<sup>3</sup> af skriðuefni árið 2021 hafði á vistgerðir og á lífríkið almennt umhverfis losunarstað. Ef þessi áhrif eru ekki þekkt er ekki rétt að nota þau rök að botninum hafi þegar verið raskað og í lagi sé að losa tvöfalt meira efni. Náttúrufræðistofnun telur að skoða ætti hvort aðrir losunarstaðir komi til greina, t.d. hvort hægt væri að nota hluta efnisins til að ganga frá Skaganámu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur



Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2022  
UST202210-108/B.S.  
10.05.01

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - stækkun Skaganámu.

### Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um stækkun Skaganámu í Seyðisfirði. Upphaflega átti einnig að fjalla um losun umframefnis í þessu erindi en komið hefur í ljós að það er vandkvæðum bundið að varpa skriðuefni í hafið eins og upphaflega var áætlað. Til að tefja ekki framkvæmdir taldi Umhverfisstofnun að skipta ætti erindinu í tvennt meðan verið er að huga að því hvernig umframefni verði sem best komið fyrir. Þessi umsögn er því einungis um efnistöku í Skaganámu og mögulegan frágang námunnar.

Vegna ýmissa framkvæmda er gert ráð fyrir að stækka námuna þannig að unnt verði að taka allt að 350.000 m<sup>3</sup> úr námunni vegna bygginga snjóflóðavarna og annarra framkvæmda.

Um er að ræða opna grjótnámu sem hefur þann kost að námuvegur liggur utan vegakerfis milli námunnar og núverandi vinnusvæðis. Í áætlun um efnistöku kemur fram að ganga eigi frá þeim hluta námunnar sem nýttur verður vegna yfirstandandi framkvæmda.

Hér er um að ræða viðbót við umhverfisáhrif sem eru að hluta þegar framkomin. Umhverfisstofnun telur að við efnistöku eigi að leggja áherslu á að fullvinna þann hluta námunnar strax sem ætlunin er að ganga frá. Reynslan hefur sýnt að oftast er skortur á efni til frágangs ástæða þess að erfitt reynist að ganga ásættanlega frá grjótnámum. Við frágang mætti hér nota umframefni og væri þá unnt að nýta ferðir í báðar áttir þegar flutningur á grjóti hefist. Þar sem um mikið magn umframefnis er að ræða ætti ekki að þurfa að huga að fláum vinnslustáls ef þessu efni verður keyrt í námuna en leggja ætti áherslu á að fella námuna að landi og milda jaðar námunnar með því að fella hlíð ofan námunnar að landi neðan hennar. Þar mundi framboð efnis ráða hvort unnt verður að gera þetta án þess að fjarlægja mön neðan námunnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að umrædd efnistaka muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 7. nóvember 2022  
MÍ202210-0104/ 6.07 / K.M.

## Efni: Seyðisfjörður. Stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 12. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreindar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Múlaping áformar að stækka Skaganámu á Seyðisfirði. Í dag er heimilt að taka 30.000 m<sup>3</sup> af efni á um 2 ha svæði úr námunni í tengslum við gerð snjóflóðavarna á Seyðisfirði. Stefnt er að því að auka efnistöku á staðnum í 350.000 m<sup>3</sup> á um 2,3 ha svæði. Hluti efnisins verður notaður við framkvæmdir vegna snjóflóðavarnargarða en afgangurinn mun nýtast sveitarfélaginu til ýmissa framkvæmda.

Í matskýrslu um snjóflóðavarnir var gert ráð fyrir að umframefni, þ.e. ónothæft jarðefni sem skortir burðarhæfni s.s. mold, yrði um 107.000 m<sup>3</sup>. Þar kom fram að umframefnið yrði notað í aukna landmótun þar sem varnargarðar yrðu felldir að landi. Eftir að framkvæmdir hófust kom í ljós að ónothæft jarðefni var meira en búist var við sem kallar á að haugsetja þarf hluta efnis. Áformað er að varpa allt að 150.000 m<sup>3</sup> af efni í hafið við Hafsíld á Seyðisfirði. Þar var um 70.000 m<sup>3</sup> af skriðuefni sturtað í sjóinn veturinn 2021 sem neyðarráðstöfun eftir skriðurnar á Seyðisfirði sem féllu í desember 2020. Hafsíld er staðsett fyrir norðan bæinn á skilgreindu hafnarsvæði samkvæmt skipulagi. Svæðið er kennt við síldarverkun sem var þar áður en engin starfsemi er á svæðinu í dag. Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að losunarstaðurinn sé talinn ákjósanlegur þar sem svæðið sé þegar raskað og þar hafi jarðefni verið losað áður.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.2 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Fyrir liggja þrjár skýrslur þar sem gerð er grein fyrir skráningu fornleifa í tengslum við framkvæmdir í Seyðisfirði. Árið 2019 kom úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga, *Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna á Seyðisfirði*. Árið 2021 kom úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fjarðarheiðargöng. Fornleifaúttekt*.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Sama ár kom út skýrsla fyrirtækisins Antikva ehf, *Fjarðarheiðargöng. Fornleifaskráning vegna breytingar á veglínu.*

Eftir að Fornleifastofnun hafði skráð fornleifar vegna Fjarðarheiðarganga var ákveðið að breyta veglínu frá göngunum Seyðisfjarðarmegin. Nýja veglínan fór út fyrir fyrra athugunarsvæðið. Því var ákveðið að fá fyrirtækið Antikva ehf til að skrá svæði sem ekki hafði verið skráð áður. Athugunarsvæðið náði yfir hluta þess svæðis sem Skaganáma og fyrirhuguð stækkun hennar er á. Á mynd 5.1 má sjá fyrirhugaða stækkun Skaganámu og þá hluta námusvæðisins sem athugaðir voru árin 2019 og 2021. Einar minjar fundust í norðvestur jaðri Skaganámu eins og hún var skilgreind í mati á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna á Seyðisfirði. Í skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga segir að um sé að ræða niðurgroft sem líklega sé niðurgrofið skotbyrgi frá hernámsárunum. Skotbyrgið er í jaðri skilgreinds stækkunarsvæðis námunnar og innan skilgreinds athafnasvæðis hennar. Í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að skotbyrgið verði merkt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir rask. Minjastofnun telur þá mótvægisáðgerð fullnægjandi.

Skv. mynd 5.1 hefur vestari helmingur athafnasvæðis fyrirhugaðrar stækkunar á Skaganámu ekki verið athugaður af fornleifafræðingi. Í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að áður en framkvæmdir hefjist við stækkunina verði fornleifafræðingur fenginn til að fara yfir svæðið þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram. Niðurstöður skráningarinnar verði kynntar Minjastofnun Íslands. Minjastofnun fellst á þetta verklag. Þegar skráningin liggur fyrir mun stofnunin taka afstöðu til hvort þörf er á mótvægisáðgerðum og ef svo er hverjar þær skuli þá vera.

Í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að ekki hafi farið fram skráning á fornleifum við Hafsíld. Losun umframefnis í hafið sé ekki talin raska fornleifum í ljósi þess rasks sem þegar hefur átt sér stað á svæðinu í tengslum við starfsemina og fyrri losun á skriðuefni.

Árið 2009 kom út skýrsla sem bar nafnið *Fornleifaskráning Seyðisfjarðar: Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009 – 2029*. Höfundar skýrslunnar eru Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson. Hafsíld var innan skráningarsvæðisins. Engar fornleifar voru skráða á landi á áhrifasvæði fyrirhugaðs losunarsvæðis en skráningin náði ekki út í sjó. Minjastofnun telur að litlar sem engar líkur séu á að fornleifar finnist á hafsbotni á því svæði sem fyrirhugað er að losa efni í hafið. Eins og fram er komið hefur skriðuefni þegar verið losað á svæðinu sem mun hafa raskað hafsbotninum töluvert.

Að því gefnu að niðurstöður fornleifaskráningar á þeim hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem eftir er að skrá verði bornar undir Minjastofnun og að tekið verði tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem stofnunin kann að leggja til telur Minjastofnun að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð

mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jóhanna Hrund Einarsdóttir ([johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



### Efni: Stækkun Skaganámu og losun umframefnis í hafið

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 12. október sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Umsögn

Heimastjórn Seyðisfjarðar samþykkti eftirfarandi umsögn á fundi sínum þann 27. október 2022:

*Fyrir heimastjórn Seyðisfjarðar liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun, dagsett 12. október 2022, vegna matsskyldufyrirspurnar fyrir stækkun á Skaganámu og losun á umframefni í hafið.*

*Fyrir liggur frá Skipulagsstofnun ósk um umsögn heimastjórnar um matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar Skaganámu og losunar umframefnis í hafið á Seyðisfirði, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.*

*Það er mat heimastjórnar Seyðisfjarðar að nægilega sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í kynningarskýrslu VSÓ ráðgjöf og að framkvæmdin kalli ekki á frekara mat á umhverfisáhrifum.*

*Heimastjórn tekur undir þau sjónarmið er fram koma í skýrslunni að stækkun Skaganámu sé í heild líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfisþætti, þar sem helstu áhrif framkvæmda verða á landslag og ásýnd. Framkvæmdartími er að mestu leyti fyrirhugaður á næstu 5 árum. Stækkun námunnar er talin nauðsynleg vegna fjölbreyttrar framkvæmdaþarfar á Seyðisfirði næstu árin, auk takmarkaðs aðgengis að nauðsynlegu efni vegna þeirra. Stækkunin er talin auka staðbundið og að einhverju leyti tímabundið við áhrif námunnar á ásýnd svæðis. Áhrif stækkunarinnar á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg.*

*Losun umframefnis fer fram á manngerðu hafnarsvæði sem er að hluta til á landfyllingu með sögu um fyrri losanir í hafið. Umframefnið mun koma úr fjallshlíð sem er á svæði þar sem ekki hefur verið fyrri starfsemi og eru áhrif á sjó því metin óveruleg.*

*Að mati Heimastjórnar Seyðisfjarðar eru umhverfisáhrif vegna stækkunar Skaganámu og losunar umframefnis í hafið ekki þess eðlis að þau geti talist umtalsverð í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Heimastjórn Seyðisfjarðar leggur áherslu á að við frágang námusvæða verði land mótað með þeim hætti að sýnileg áhrif verði hverfandi.*

*Heimastjórn felur skipulagsfulltrúa að senda umsögnina til Skipulagsstofnunar.*

*Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.*





### Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllst,  
f.h., Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir,  
ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

20. október 2022

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

### Umsögn um matsskyldufyrirspurnar vegna stækkunar Skaganámu og losun umframefnið í hafið

Með tölvupósti dagsettum 12. október sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) um matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar á Skaganámu og losun umframefnis í hafið. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af VSÓ ráðgjöf og er dagsett í október 2022.

Í tillögunni kemur fram að þörf sé á meira efni úr námunni en gert var ráð fyrir í upphafi því sé stækkunar þörf og efnistaka aukin í 350.000m<sup>3</sup>. Í tengslum við snjóflóðafrákvæmdir er áformað að losa allt að 150.000m<sup>3</sup> af ónothæfu jarðefni í hafið við Hafsíld á Seyðisfirði.

Um efnistöku gildir m.a. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Efnitaka er talin upp í tölulið 2.6 í viðauka X (Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám.) Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir Skaganámu með gildistíma til 19.11.2033. Í starfsleyfi Heilbrigðisnefndar segir að starfsleyfishafi skali tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag.

**Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við áform um stækkun og losun umframefnis í hafið eins og hún er framsett en gerir ráð fyrir að geta komið á framfæri athugasemdum, ábendingum og leiðbeiningum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.**

Annað ekki

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

## Bréf frá UST

**Til** : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS; K. Sóley Bjarnadóttir; Sigurrós Friðriksdóttir; Skúli Þórðarson; Sverrir Aðalsteinn Jónsson; Skipulagsstofnun - SLS

**Frá** : Björn Stefánsson <bjorn@umhverfisstofnun.is>

**Heiti** : Bréf frá UST

**Málsnúmer** : 202210021

**Málsaðili** : Múlaþing

**Skráð dags** : 18.10.2022 00:00:00

**Höfundur** : Björn Stefánsson <bjorn@umhverfisstofnun.is>

Umhverfisstofnun telur óvíst að gefi verði leyfi til að varpa umfamefni sem fellur til vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir í hafið. Því telur Umhverfisstofnun rétt að upplýsa um þetta strax þannig að unnt verði að finna þessu efni annan stað. Það er að mati stofnunarinnar óheppilegt að vísa til fordæmis sem skapaðist við aðstæður sem vonandi eru einstæðar þar sem náttúruhamfarir dundu yfir og nauðsynlegt var að bregðast við hratt og leysa ýmis vandamál með öðrum hætti en vanalega. Nú eru slíkar aðstæður ekki uppi og því ætti að fjalla um framkvæmdir við snjóflóðavarnir í ljósi þess að nú er ástand á Seyðisfirði með eðlilegum hætti og ekkert sem kallar á neyðarúrræði vegna haugsetningar umframefnis eða förgun þess.

Eins og fram kemur í matsskyldufyrirspurninni, þá er varp á náttúrulegum, óvirkum efnum í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. b lið 9. gr. laga nr. 33/2004, að fenginni umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Í matskyldufyrirspurninni segir að það efni sem til stendur að varpa í hafið sé: „*Ónothæft jarðefni í þessu tilfelli er mold og leir, sem er náttúrulegt efni.*“.

Í samskiptum við Múlaþing varðandi umsókn (UST202208-243) um leyfi til að varpa umframefni úr varnargörðum í sjó (sem er núna í bið) hafði Umhverfisstofnun komið eftirfarandi athugasemdum frá Hafrannsóknastofnun á framfæri: „*Mold er lífrænt bunið kolefni og er ekki óvirkt. Þegar moldin fer í sjóinn rotnar hún og næringarefnið og kolefnið losna. Það getur valdið ofauðgun í firðinum*“.

Samkvæmt þeim upplýsingum um það efni sem til stendur að losa í sjóinn og ofangreindum athugasemdum frá Hafrannsóknastofnunar þá er óvíst að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi skv. b lið 9. gr. laga nr. 33/2004.

Umhverfisstofnun mun því bíða með að veita umsögn um fyrirhugaðar framkvæmdir og sér ekkert því til fyrirstöðu að veita umsagnir annars vegar um grjótnámu og hins vegar um haugsetningu verði þess óskað.